

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Sveitarfélagið Árborg innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari og II. kafla í samþykkt nr. 126/2004 um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins hefur verið ákvarðað í gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld, stofngjöld holræsa, stofngjald vatnsveitu, byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Sveitarfélaginu Árborg nr. 790/2003.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,275% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi fyrir hverja losun fyrir sig:

	<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Rotþróargjald í kr.</i>
Rotþró	<4.000	13.500
Rotþró	4.001 - 6.000	15.500
Rotþró	6.001 - 8.000	17.600
Rotþró	8.001 - 10.000	21.700
Rotþró	>10.000	2.100 kr. per umfram rúmmetra

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metrar umfram það skal greiða kr. 1.800.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Árborgar staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti- og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi við birtingu og til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 30. desember 2004.

Selfossi, 3. janúar 2005.

Einar Njálsson bæjarstjóri.